

Nd.

173. Breytingartillögur

við frv. til laga um skiftingu Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi.

Frá Ólafi Thors.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Hafnarfjarðarkaupstaður skal vera sjerstakt kjördæmi og kjósa einn alþingismann. Þegar þannig hefir bæst við einn þingmaður, skal neðri deild Alþingis skipuð 29 þingmönnum.

2. Við 2. gr. Greinin falli burt.

3. Við 3. gr. Greinin verði 2. gr. og orðist svo:

Lög þessi koma til framkvæmda við næstu almennar óhlutbundnar kosningar til Alþingis.